

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1994

Nr. 129

366

20. desember 1994

LÖG

um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 57 31. október 1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 130

20. desember 1994

LÖG

um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda 1. janúar 1995 taka hin nýju samtök við réttindum og skyldum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, lögum samkvæmt.

Stjórnir Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins fara frá og með 1. janúar 1995 í sameiningu með það hlutverk, sem annarri hvorri þeirra er falið í einstökum lögum, uns fyrsta stjórn hinna nýju samtaka hefur verið kjörin. Eftir það fer sú stjórn með það hlutverk sem að framan greinir.

2. gr.

Þeir starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem fastráðnir eru hjá félaginu 31. desember 1994 og verða starfsmenn hinna nýju samtaka, halda áunnum lífeyrisréttindum sínum og